

Fimmtudaginn 13. febrúar 1992.

Nr. 514/1991. **Grétar Haraldsson**

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða og
Íslandsbanka hf.**

Þingfesting. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1991 til þingfestingar 3. febrúar 1992. Áfrýjað er nauðungaruppboði á hluta fasteignarinnar Kleppsvegur 150 í Reykjavík, sem fram fór 28. september 1990. Máli þessu var áður áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1990. Með dómi Hæstaréttar 9. desember 1991 var málinu vísað frá Hæstarétti.

Hinn 3. febrúar sl. var af hálfu áfrýjanda óskað eftir fresti til reglulegs þingdags í júní 1992. Í greinargerð, sem áfrýjandi hefur sent Hæstarétti, gerir hann þá kröfu, að málið verði þingfest og því frestað til 2. mars 1992.

Af hálfu stefndu Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Íslandsbanka hf. var beiðni um frest mótmælt og þess krafist, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða var þing ekki sótt 3. febrúar sl.

Mótmæli sín gegn fresti styðja stefndu Gjaldheimtan í Reykjavík og Íslandsbanki hf. þeim rökum, að áfrýjandi hafi þegar haft nægan tíma til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti.

Lögð hefur verið fram staðfesting þess, að áfrýjandi hefur fengið í hendur dómsgerðir í málinu. Rétt þykir að þingfesta málið og veita áfrýjanda frest til að skila dómsgerðum, ágripi og greinargerð til reglulegs þingdags í mars 1992.

Málskostnaður verður eigi dæmdur í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er þingfest og því frestað til reglulegs þingdags 2. mars 1992.